

**61. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir-
valdanna á Íslandi, um bókagjafir til Flateyjar** 1860.
19. nóvemb.
framfarastofnunar.

Eftir að búið var að gjöra hinu konunglega danska landbústjórnarfélagi kunnar hinar ítarlegri skýrslur, er hingað komu með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 30. aprílm. þ. á., um stofnun Ólafs prófests Sivertsens í Flatey og konu hans, hefir félagið gefið lestrarbókasafni því, er sameinað er stofnun þessari, bækur þær, sem til eru greindar á lista, er fylgir með bréfi þessu.

Um leið og þetta er tilkynnt yður, skal því við bætt, að bækurnar verða hëðan sendar amtmanninum yfir vesturumdæminu til frekari ráðstöfunar, með einhverri af hinum fyrstu skipaferðum í vor komandi.

62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 23. nóvemb.
og amtmannanna á Íslandi, um það, hvernig taka
skuli skatt.

Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis, þess er síðast var haldið, um gjaldheimtu hins svo nefnda skatts á Íslandi, hefir dómsmálastjórnin borið upp fyrir konungi þegnlega skýrslu um málefni þetta, og hefir hans hátign 11. þ. m. allramildilegast þóknast að úrskurða, að út af bænarskrá þessari skuli bjóða öllum amtmönnum á Íslandi að brýna það fyrir sýslumönnum þeim, er þeir eiga yfir að bjóða, að þeim beri að fara eftir þeim ákvörðunum, sem stjórnin að undanfögnu á ýmsum tímum, einkum í rentukammerbréfi 28. aprílm. 1832, hefir sett um heimtingu skattsins.

Um leið og stjórnin birtir yður þetta, herra (tit.), eruð þér beðnir að gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til þess að hinum konunglega úrskurði, sem að ofan er um rætt, verði hlýtt.